

Tillaga

Viðtakandi: Bæjarráð Mosfellsbæjar

Efni: Heimild til viðbótar- og aukaverka vegna framkvæmda við Reykjakot

Dags: 22.8.2024

Málsnúmer: 202308506

Sendandi: Katrín Dóra Þorsteinsdóttir starfandi deildarstjóri og Hildur Hafbergsdóttir verkefnastjóri

Tillaga:

Lagt er til að bæjarráð samþykki 18,6 m.kr. viðbótarkostnað sem fallið hefur til vegna viðbótar- og aukaverka í tengslum við frágang á lóð við leikskólann Reykjakot og lagfæringa innanhúss vegna framkvæmda við eldhúsbyggingu.

Lagt er til að fjármála- og áhættustýringarsviði verði falið meta hvort gera þurfi viðauka vegna framkvæmdarinnar.

Greinargerð:

Á 1590. fundi bæjarráðs 24.08.23 heimilaði bæjarráð útboð á eldhúsbyggingu við Reykjakot og var áætlunin með 15% í ófyrirséð. Á 1598. fundi bæjarráðs 19.10.23 heimilaði bæjarráð að gengið yrði til samninga við lægstbjóðanda vegna eldhúsbyggingarinnar við Reykjakot. Þar láðist að hafa ófyrirséðan lið í samþykktri áætlun verksins og því er þörf viðbótar fjármagni. 15% ófyrirséð hefði þýtt 15 m.kr. sem almennt er talin þörf á.

Framkvæmdir hófust í byrjun árs og kom í ljós að mun lengra var niður á fast en útboðsgögn gerðu ráð fyrir eða rúmir 3 metrar. Þá kom í ljós að gamall ruslahaugur var undir húsinu sem þurfti að hreinsa upp og ganga úr skugga um að jarðvegur væri ekki mengaður. Aukin jarðvinna leiddi af sér stækkun á vinnusvæði og fjarlægja þurfti hellulagnir, snjóbræðslu, ramp og skýli til að hægt væri að grafa.

Þörf er á viðbótar fjárveitingu til að gera nauðsynlegar lagfæringar á lóðinni eftir framkvæmdirnar auk lagfæringa innanhúss sem lúta að endurnýjun eldhúsbúnaðar auk frágangs í aðalbyggingu vegna framkvæmdanna.

Viðbótar kostnaður vegna framkvæmda við Reykjakot		m.kr.
Aukið umgangsjarðvinnu		
Lagfæringa á lóð		3,7
Snjóbræðsla		3,8
Skýli við eldhúsinngang		2
	Samtals	9,5
Flutningur og frágangur		
Frágangur innandyra	stálborð, tenging tækja, uppþvottavél	2,8
Frágangur aðalbyggingu v. bráðabirgðaeldhúss	dúkur, innrétting, frágangur	3
	Samtals	5,8



Öryggistengd mál

Öryggiskerfi	2
Rampur að eldhúsi brunakerfi í háf, tenging bruna- og öryggiskerfa	1,3
Samtals	3,3
Heildarsamtala	18,6

Aukin jarðvinna og hreinsun svæðisins varð til þess að verklok tefjast um 5 vikur, verkið er á áætlun skv. uppfærðri áætlun og verkskil áætluð 13. nóvember nk.

Virðingarfyllt,

Katrín Dóra Þorsteinsdóttir
Starfandi deildarstjóri eignasjóðs

Hildur Hafbergsdóttir
Verkefnastjóri eignasjóðs